

Yfirskrift	Stjórnarfundur FFR				
Stjórnarfundur nr. 02 2018	2	Dagsetning	6. mars 2018	Tími	12:00 – 13:30
Fundarstaður	Skrifstofa FFR, Hverfisgötu 105, Reykjavík				
Fundarstjóri	BK				
Ritari	JÁJ				
Mættir (fjarverandi)	BK, HÓS, ISS, ÁG, M), (MH), (KLÁ), EB og JÁJ.				
Fylgiskjöl	Nýsamþykkt lög FFR, fundargerð framhaldsaðalfundar FFR 16.02.2018 og bréf FJR 27.02.2018 um 5 ára reglu				
Vistun gagna	JÁJ				

Fundargerð stjórnarfundar FFR 6. mars 2018

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar (25. janúar 2018) og fundargerð framhaldsaðalfundar (16. febrúar 2018)

Fundargerð síðasta stjórnarfundar og fundargerð framhaldsaðalfundar voru samþykktar.

2. Nýsamþykktar lagabreytingar

Farið var yfir lög FFR eftir breytingar sem samþykktar voru á framhaldsaðalfundi FFR þann 16. febrúar sl. ISS les yfir. Samþykkt að senda löginn ásamt fundargerð til félagsmanna í tölvupósti. Einnig þarf að setja löginn og fundargerðina á heimasíðu félagsins.

3. Kjörnefnd FFR

Samþykkt var að starfsmaður félagsins myndi hafa samband við kjörnefnd og vinna með nefndinni en búa þarf til verklagsreglur varðandi framboð til stjórnarsetu og framkvæmd stjórnarkjörs fyrir aðalfund í maí.

4. KMR

BK reifaði hvað búið er að gerast hjá KMR og hvernig sú vinna hefur verið. KMR hefur fundað með flestum fagráðuneytum.

5. Svar frá Fjármála- og efnahagsráðuneyti við bréfi FFR

Farið var yfir svarbréf frá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, dags. 27. febrúar 2018, við bréfi FFR, dags. 25. september 2017, vegna auglýsinga embættis að loknum 5 ára skipunartíma. Samþykkt var að BK myndi hafa samband við lögmannsstofuna Advel og óska eftir greiningu á bréfi ráðuneytisins.

6. Ný skýrsla um Kjararáð

Rætt var um nýja skýrslu um Kjararáð sem birt var á vef FJR. Fram kom að hátt í 100 óafgreitt erindi frá forstöðumönnum ríkisstofnana eru hjá Kjararáði og ekki ósennilegt að afgreiðslu þeirra mála verði ekki lokið fyrr en eftir 2 ár. HÓS mun hafa samband við Fjármála- og efnahagsráðuneytið og óska eftir línuriti sem sýni launabróun forstöðumanna í samanburði við laun annarra í þjóðfélaginu.

7. Fréttabréf FFR

Rætt var um útgáfu fréttabréfs FFR. Samþykkt MG vinni með JÁJ að útgáfu næsta fréttabréfs og í framtíðinni muni JÁJ sjá um að skrifa og gefa út fréttabréfið.